

Safnað í sarpinn. 2010 – 2011.

Í valgreininni Safnað í sarpinn er farið eftir markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla í [Íþróttum – líkams og heilsurækt](#) og markmiðum um [valgreinar](#).

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Ætlast er til að í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla sé nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi, miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra og forráðamenn, kennara og námsráðgjafa.

Með valfrelsi vinnst einkum þrennt. Í fyrsta lagi er ekki horfið frá sjónarmiðum um nauðsyn almennrar menntunar á grunnskólastigi. Í öðru lagi er nemendum gefinn kostur á því með vali að nálgast tiltekin greinasvið eftir áhuga eða fyrirætlunum um framhaldsnám. Í þriðja lagi gefst nemendum kostur á að velja sig frá greinum eða námssviðum sem ekki hófða til þeirra eða minni þörf er á miðað við framtíðaráform.

Markmið:

- ✚ Að nemendur kynnist þeim möguleikum sem í boði eru varðandi útivist í nágrenni við heimabæ sinn.
- ✚ Að nemendur kynnist því hvernig útbúnað þarf til að hægt sé að stunda útivist af ýmsu tagi
- ✚ Nemendur kynnst líka hópum og félagasamtökum sem eru á staðnum, sem standa fyrir ýmsum upptökum varðandi útivist
- ✚ Að nemendur kynnist ýmsum leiðum til að taka þátt í því sem er að gerast í samfélaginu, geti gefið af sér til samfélagsins og geti miðlað eigin þekkingu og reynslu
- ✚ Að nemendur kynnist öðrum hópum samfélagsins en þeir umgangast dags daglega
- ✚ Að nemendur vinni gegn fordómum
- ✚ Að nemendur hafi gagn og gaman af vinnu sinni

Hver nemandi hefur val um nokkrar leiðir

Vinnuframlag:

- ✚ Hver nemandi þarf að skila sem svarar **15 x 80** mínútum á haustönn þ.e. 30 kennslustundir.
- ✚ og **17 x 80 mín** á vorönn þ.e. 32 kennslustundir.

Námsmat:

- ✚ Nemendur skrifa skýrslu eftir önnina og skila til kennara.
- ✚ Vinnuframlag, virkni, hjálpssemi, jákvæðni, frumkvæði og ánægju, ábyrgð og árangur ásamt sjálfsmati nemenda.

Við hlökkum til að vinna með ykkur.

Kveðja

Elsa og Jóhanna

Kennsluáætlunin.

Hér er hægt að sjá drög af kennsluáætlun fyrir valgreinina Safnað í sarpinn.

Haustönn:

ágúst – september. Gisting Gönguferð. Berjamór og búa eitthvað til úr berjunum. Golf – kynning t.d á golfvöllinum á Eskifirði eða að fá kennara hingað. Sig með Björgunarsveitinni Geisla.	október – nóvember. Grjótaleiðangur Heimsókn til eldri borgara Hlóðagerð og brauðbakstur Kósýstund með popp og góða mynd Skautuferð Plaköt kynning á starfi.
Desember - janúar Jólastund/sögustund með Beggu Jólapakkagerð og útburður á þeim Hnútanámskeið Kynning á Slysavarnardeildinni Hafdísí	

Vorönn.

Febrúar - mars. Rafmagnsfræði Heimsókn í Vélsmiðju LVF Glaðheimar – verkefni og spjall Hárfræðsla Jóga Húðfræðsla Gönguferð að vetri til Skíðaferð	apríl - maí Sund – heitur pottur og pizza á eftir. Hestamennska. Kynning frá skiptinema – lýðháskóla. Björgunarsveitin Geisli, heimsókn niður í hús þeirra. Kubb. Heimsókn í Álverið Sulla í ósnum Hjólreiðaferð með nesti
---	---

Með fyrirvara um breytingar 😊 😊 😊